

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 13

27. árgangur

5.3.2020

| | | |
|----------------|---|---|
| I | EES-STOFNANIR | |
| 1. | Sameiginlega EES-nefndin | |
| II | EFTA-STOFNANIR | |
| 1. | Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| 2. | Eftirlitsstofnun EFTA | |
| 3. | EFTA-dómstóllinn | |
| III | ESB-STOFNANIR | |
| 1. | Framkvæmdastjórnin | |
| 2020/EES/13/01 | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9316 – Peab AB/YIT Oyj's paving and mineral aggregates business) | 1 |
| 2020/EES/13/02 | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.9517 – Mylan/Upjohn) | 2 |
| 2020/EES/13/03 | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9663 – Vossloh Rail Services/Rhomberg Sersa Rail Holding/Vossloh Rail Maintenance (Railway switches repair and maintenance)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 3 |
| 2020/EES/13/04 | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9721 – APG/IRCP/Merkur) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 4 |
| 2020/EES/13/05 | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9745 – Sunsuper/Macquarie/PGGM/MAGL) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 5 |
| 2020/EES/13/06 | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9758 – Toyota Financial Services Corporation/Mitsui & Co/Kinto Brasil) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 6 |
| 2020/EES/13/07 | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9764 – Red Rock Power/CapMan Infra Lux Management/NH-Amundi Asset Management/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 7 |
| 2020/EES/13/08 | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.9765 – AustralianSuper/Peel Group/DWS/Peel Ports) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 8 |

| | | |
|-----------------------|--|----|
| 2020/EES/13/09 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9503 – Gardner Denver/Ingersoll Industrials) | 9 |
| 2020/EES/13/10 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9707 – Aperam Alloys Imphy/Tekna Plasma Europe/ImphyTek Powders) | 9 |
| 2020/EES/13/11 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9718 – Cobepa/Gerflor) | 10 |
| 2020/EES/13/12 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9726 – Itochu/AMCI/Posco/JVLP/NCR) | 10 |
| 2020/EES/13/13 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9727 – AccorInvest/Accor/Hotel Portfolio) | 11 |

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/13/01

(mál M.9316 – Peab AB/YIT Oyj's paving and mineral aggregates business)

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. febrúar 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Peab AB („Peab“, Svíþjóð).
- YIT Oyj („YIT“, Finnlandi).

Peab nær yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hlutum YIT, eða öllum hlutabréfum í YIT Danmark A/S (Danmörku), öllum hlutabréfum í YIT Norge AS (Noregi), öllum hlutabréfum í YIT Teollisuus Oy (Finnlandi), til viðbótar við allar eignir YIT Sverige AB (Svíþjóð) sem tengjast starfsemi þess með steinefnaþblöndunar-efni, asfalt og lagningu slitlags.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum og kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Peab: byggingarstarfsemi, byggingarverkfræði og tengdar vörur og fer starfrækslan einkum fram í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.
- YIT: byggingarfyrirtæki. Viðskiptin varða starfsemi þess á sviði framleiðslu og sölu á steinefnaþblöndunarefnum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, auk framleiðslu og sölu á asfalti og lagningar slitlags í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 64, 27.2.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9316 – Peab AB/YIT Oyj's paving and mineral aggregates business

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.9517 – Mylan/Upjohn)

2020/EES/13/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. febrúar 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Mylan N.V. („Mylan“, Hollandi).
- Upjohn Inc. („Upjohn“, Kína), undir yfirráðum Pfizer Inc. („Pfizer“, Bandaríkjunum).

Mylan og Upjohn renna að fullu saman, í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nokkrum skrefum, m.a. með yfirfærslu á hlutabréfum og eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Mylan: annast þróun, leyfisveitingu, framleiðslu, markaðssetningu og dreifingu á samheitalyfjum, samheitalyfjum undir vörumerkjum og sérnotalyfjum, auk lausasólulyfja og heilsuvara fyrir neytendur.
- Upjohn: eitt viðskiptasviða sem annast eignasafn Pfizer fyrir lyf sem ekki eru háð einkaleyfum, bæði undir vörumerkjum og samheitalyf, sem og samheitalyfjastarfsemi í Bandaríkjunum undir merkjum Greenstone LLC.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hinn tilkynnti samruni geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 72, 5.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9517 – Mylan/Upjohn

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/13/03****(mál M.9663 – Vossloh Rail Services/Rhomberg Sersa Rail Holding/
Vossloh Rail Maintenance (Railway switches repair and maintenance))****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. febrúar 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Vossloh Rail Services GmbH („Vossloh Rail Services“, Þýskalandi), sem tilheyrir Vossloh AG group („Vossloh“, Þýskalandi).
- Rhomberg Sersa Rail Holding, GmbH („Rhomberg Sersa“, Austurríki).
- Vossloh Rail Maintenance GmbH („Vossloh Rail Maintenance“, Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum Vossloh Rail Services.

Vossloh Rail Services og Rhomberg Sersa, ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hluta Vossloh Rail Maintenance í gegnum sameiginlegt fyrirtæki, Rhomberg Sersa Vossloh GmbH („RSV“, Þýskalandi). Samruninn snýst um kaup á hluta af viðhaldsstarfsemi Vossloh Rail Maintenance sem varðar framúrsléppireinar.

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Vossloh Rail Services: veitir sértæka þjónustu sem varðar grunnvirki í járnbrautastarfsemi. Vossloh Rail Services er hluti af Vossloh, sem er tæknifyrirtæki með starfsemi á heimsvísu sem einkum leggur áherslu á grunnvirki í járnbrautastarfsemi.
- Rhomberg Sersa: alhliða þjónustuveitandi í járnbrautastarfsemi, sem annast vítt svið byggingarframkvæmda, grunnvirkja og þjónustu á sviði járnbrautastarfsemi.
- Vossloh Rail Maintenance: viðhald á járnbrautateinum og framúrsléppireinum.

Sameiginlega fyrirtækið RSV er sett á lagginnar til þess að annast viðhald framúrsléppireina.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 69, 3.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9663 – Vossloh Rail Services/Rhomberg Sersa Rail Holding/Vossloh Rail Maintenance (Railway switches repair and maintenance)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/13/04****(mál M.9721 – APG/IRCP/Merkur)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. febrúar 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- APG Asset Management N.V. („APG“) (Hollandi); endanlega í eigu Stichting Pensioenfonds ABP.
- InfraRed Capital Partners Limited („IRCP“) (Bretlandi).
- Merkur Offshore GmbH („Merkur“) (Þýskalandi).

APG og IRCP ná í sameiningu yferráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Merkur.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- APG: fjárfestingar í innviðum.
- IRCP: stýring fjárfestinga í innviðum.
- Merkur: þýskar vindorkueignir undan ströndum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 65, 28.2.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9721 – APG/IRCP/Merkur

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9745 – Sunsuper/Macquarie/PGGM/MAGL)

2020/EES/13/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. febrúar 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Sunsuper Pty Ltd, sem fjárvörsluaðili Sunsuper Superannuation Fund („Sunsuper“, Ástralíu).
- Stichting Depository PGGM Infrastructure Funds („PGGM“, Hollandi), sem er hluti af PGGM Group (Hollandi).
- Macquarie Transportation Finance Limited, sem tilheyrir Macquarie Group („Macquarie“, Ástralíu).
- Macquarie AirFinance Group Limited („MAGL“, Bretlandi); sem stendur undir yfiráðum Macquarie og PGGM.

Sunsuper, Macquarie og PGGM ná í sameiningu yfiráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir MAGL.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Sunsuper: lífeyrissjóður sem annast starfrækslu fyrirtækjalífeyriskerfa í Ástralíu.
- PGGM Group: stýrir lífeyriskerfum fyrir mismunandi lífeyrissjóði, atvinnurekendur sem tengjast þeim og starfsfólk þeirra, á heimsvísu.
- Macquarie: fjölþætt fjármálasamstæða sem fæst við eignastýringu og fjármögnun, bankaþjónustu, ráðgjöf og áhættu- og fjármagnslausnir á heimsvísu.
- MAGL: fæst við flugvéla-leigu á heimsvísu og þjónar fjölbreyttum hópi viðskiptavina með leigu á loftförum til yfir 80 flugrekenda í a.m.k. 50 mismunandi löndum um allan heim.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 64, 27.2.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9745 – Sunsuper/Macquarie/PGGM/MAGL

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/13/06****(mál M.9758 – Toyota Financial Services Corporation/Mitsui & Co/Kinto Brasil)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. febrúar 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Toyota Financial Services Corporation („TFS“, Japan), undir yfirráðum Toyota Motor Corporation (Japan).
- Mitsui & Co., Ltd. („Mitsui“, Japan).

TFS og Mitsui ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu fyrirtæki sem mun bera nafnið Kinto Brasil Serviços de Mobilidade Ltda. („Kinto Brasil“, Brasilíu).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- TFS: býður upp á úrval fjármálaþjónustu um allan heim, m.a. sölu á ökutækjum og fjármögnunar- og eignaleigu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Það lýtur yfirráðum Toyota Motor Corporation, sem m.a. fæst við framleiðslu, sölu, leigu og viðgerðir á ökutækjum.
- Mitsui: fæst við ýmsa verslunarstarfsemi um allan heim, m.a. vöruferlisstjórnun og fjármögnun.
- Kinto Brasil: hreyfanleikaþjónusta við endanlega viðskiptavini í Brasilíu. M.a. er um að ræða leigu á ökutækjum, samnýtingu ökutækja og hreyfanleikaþjónustu með blönduðum flutningsmáta.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 64, 27.2.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9758 – Toyota Financial Services Corporation/Mitsui & Co/Kinto Brasil

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/13/07****(mál M.9764 – Red Rock Power/CapMan Infra Lux Management/
NH-Amundi Asset Management/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. febrúar 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Red Rock Power Limited („Red Rock Power“), og óbeint dótturfyrirtæki SDIC Power Holdings Co Ltd („SDIC Power“, Kína).
- CapMan Plc („CapMan“, Finnlandi).
- NH-Amundi Asset Management Co. Ltd („NH-Amundi“, Kóreu), undir yfirráðum NongHyup Financial Group (sem er endanlega í eigu Korean National Agricultural Cooperative Federation) og Amundi Asset Management (sem endanlega er í eigu Crédit Agricole Group) í sameiningu.
- Cloud Snurran AB („Cloud Snurran“, Svíþjóð).

Red Rock Power, CapMan og NH-Amundi ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Cloud Snurran. Cloud Snurran er sem stendur undir yfirráðum CapMan, NH-Amundi og Macquarie í sameiningu.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Red Rock Power: eignarhaldsfélag fyrir vindorkueignir SDIC Power í Evrópu. SDIC Power er fyrirtæki sem er með höfuðstöðvar í Kína og fæst einkum við fjárfestingar, byggingu, rekstur og stjórnun raforkuvera, aðallega í Kína.
- CapMan: norrænt fyrirtæki sem fæst við fjárfestingar og sérhæfða eignastýringu.
- NH-Amundi: eignastýringarfyrirtæki sem annast fjárfestingarsjóða- og verðbréfasjóðaþjónustu í tengslum við allar gerðir fjárfestinga.
- Cloud Snurran: sameiginlega fyrirtækið sem mun þróa, byggja og starfrækja vindorkubú á landi í Svíþjóð.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 73, 6.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9764 – Red Rock Power/CapMan Infra Lux Management/NH-Amundi Asset Management/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjttíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.9765 – AustralianSuper/Peel Group/DWS/Peel Ports)

2020/EES/13/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. febrúar 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- AustralianSuper Group („AustralianSuper“, Ástralíu).
- DWS Group & GmbH Co KgaA („DWS“, Þýskalandi), undir yfirráðum Deutsche Bank AG (Þýskalandi).
- Peel Group („Peel Group“, Bretlandi).
- Peel Ports Holdings Limited („Peel Ports“, Bretlandi), í sameiningu undir yfirráðum DWS og Peel Group.

AustralianSuper og DWS og Peel Group ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Peel Ports.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- AustralianSuper: iðnstarfsemi- og lífeyrissjóður sem einkum fjárfestir í Ástralíu.
- DWS: eignastýringarfyrirtæki með starfsemi um allan heim.
- Peel Group: fjárfestingarfyrirtæki með fjölbreytt áherslusvið, m.a. fasteignir, vindorkubú og hótél, einkum í Bretlandi.
- Peel Ports: starfræksla hafna, sem og stoðþjónusta við skipaflutninga og siglingar á ýmsum stöðum, m.a. í Bretlandi, á Írlandi, í Hollandi og Ástralíu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hinn tilkynnti samruni geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 72, 5.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9765 – AustralianSuper/Peel Group/DWS/Peel Ports

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9503 – Gardner Denver/Ingersoll Industrials)

2020/EES/13/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. janúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9503. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9707 – Aperam Alloys Imphy/Tekna Plasma Europe/ImphyTek Powders)

2020/EES/13/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. febrúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9707. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9718 – Cobepa/Gerflor)

2020/EES/13/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. febrúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9718. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9726 – Itochu/AMCI/Posco/JVLP/NCR)

2020/EES/13/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. febrúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9726. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9727 – AccorInvest/Accor/Hotel Portfolio)

2020/EES/13/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. febrúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9727. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.